

REGLUGERÐ

um framtal og skil á virðisaukaskatti.

1.gr.

Hvert uppgjörstímabil virðisaukaskatts er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

2.gr.

Uppgjörstímabil bænda.

Uppgjörstímabil aðila á landbúnaðarskrá, sbr. 30. gr. laga nr. 50/1988, er sex mánuðir, janúar til og með júní og júlí til og með desember.

3.gr.

Ársuppgjörstímabil.

Aðili, sem selur virðisaukaskattsskylda vöru eða þjónustu fyrir minna en 1.400.000 kr. á heilu almanaksári, skal á næsta almanaksári nota það sem uppgjörstímabil.

Ákvæði 1. mgr. tekur ekki til eftirtalinna aðila:

1. Aðila sem falla undir 2. gr., 1. mgr. 4. gr. og 5. gr.
2. Aðila sem skráðir eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu vegna leigu eða sölu á fasteign.
3. Aðila sem gera upp virðisaukaskatt samkvæmt reglugerð nr. 58/1991, um innheimtu virðisaukaskatts af dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum.
4. Umboðsmanna erlendra aðila skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 50/1988.

Aðilar sem eru að hefja starfsemi skulu nota almanaksárið sem uppgjörstímabil. Þetta á þó ekki við í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar aðili fellur undir ákvæði 2. mgr.
2. Þegar aðili hefur yfirtekið rekstur skv. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988, enda hafi seljanda ekki borið að gera upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr.
3. Þegar aðili fær skráningu skv. 4. gr. eða 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 515/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.
4. Þegar aðili er að endurhefja starfsemi, þ.e. hefur áður verið skráður á virðisaukaskattsskrá vegna sömu eða sams konar starfsemi og gert upp skv. 1. gr.
5. Þegar um er að ræða hlutafélag skv. lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, einkahlutafélag skv. lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, samvinnufélag skv. lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög eða sameignarfélag.
6. Þegar um er að ræða einstakling sem óskar eftir að gera upp virðisaukaskatt samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr., ef greinargerð hans um reiknað endurgjald í atvinnurekstri ber með sér að reiknað endurgjald á mánuði verði 100.000 kr. eða hærra.

Skattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. gr. um breytt uppgjörstímabil hafi hann verið á virðisaukaskattsskrá heilt almanaksár og velta hans í virðisaukaskattsskyldri starfsemi undanfarið almanaksár verið undir þeim fjárhæðarmörkum sem greinir í 1. mgr. Þó skal aðili ekki færast í ársskil ef reiknað endurgjald eða meðallaun sem greidd hafa verið samkvæmt skilagreinum staðgreiðslu eru 100.000 kr. eða hærri á mánuði.

Skattstjóri skal tilkynna aðila sem gerir upp virðisaukaskatt skv. 1. mgr. um breytt uppgjörstímabil þegar fyrir liggur að velta hans á viðkomandi almanaksári hafi farið umfram 1.400.000 kr.

Fari velta þess aðila sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil umfram 3.000.000 kr. skal hann á næsta gjalddaga almennra uppgjörstímabila, sbr. 1. gr., gera upp mismun þess útskatts og innskatts sem fallið hefur á sölu og kaup skattaðila á almanaksárinu. Frá og með því uppgjörstímabili ber honum að gera upp virðisaukaskatt á gjalddögum almennra uppgjörstímabila skv. 1. gr.

Þeim sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil er heimilt að gera skil á virðisaukaskatti viðkomandi árs á gjalddaga þess almenna uppgjörstímabils sem starfsemi lýkur á.

Hafi aðili sem notar almanaksárið sem uppgjörstímabil ekki skilað lögboðinni virðisaukaskattsskýrslu vegna undanfarins almanaksárs getur skattstjóri gert honum að gera upp virðisaukaskatt næsta almanaksárs þar á eftir samkvæmt almennum uppgjörstímabilum, sbr. 1. gr. Skattstjóri skal tilkynna aðila um breytt uppgjörstímabil samkvæmt þessu ákvæði.

4.gr.

Skemmri uppgjörstímabil.

Fyrirtæki geta fengið heimild skattstjóra til þess að nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil ef útskattur er að jafnaði lægri en innskattur vegna þess að verulegur hluti veltunnar er undanþeginn skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/1988. Nú nemur útskattur í slíku fyrirtæki að jafnaði minna en helmingi innskatts og getur skattstjóri þá heimilað því að nota skemmra uppgjörstímabil en einn mánuð, en þó ekki skemmra en eina viku.

Aðilar á landbúnaðarskrá geta þrátt fyrir ákvæði 2. gr. fengið heimild skattstjóra til þess að nota almenn uppgjörstímabil skv. 1. gr.

Uppgjörstímabil má einungis breyta þannig að það sé miðað við upphaf tveggja eða sex mánaða tímabils skv. 1. eða 2. gr. Uppgjörstímabilum, sem eru skemmri en einn mánuður, skal haga þannig að hverjum almanaksmánuði er skipt í tvö eða fjögur því sem næst jafnlöng uppgjörstímabil. Beiðni um breytingu á uppgjörstímabili verður að hafa borist skattstjóra a.m.k. einum mánuði fyrir gildistöku væntanlegrar breytingar. Fáa aðili heimild til að breyta uppgjörstímabili skal sú breyting gilda í a.m.k. tvö ár.

5.gr.

Tímabundin uppgjörstímabil.

Aðili sem tímabundið hefur með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi getur fengið heimild skattstjóra til að nota sérstakt uppgjörstímabil sem tekur til þess tímabils sem starfsemi varir. Tímabundið uppgjörstímabil getur hið skemmsta verið einn fjórði hluti almanaksmánaðar og lengst tveir almanaksmánuðir.

6.gr.

Virðisaukaskattsskýrslur.

Virðisaukaskattsskyldir aðilar skulu ótilkvaddir gera grein fyrir virðisaukaskatti, sem þeim ber að standa skil á eða þeir eiga rétt á að fá endurgreiddan, á sérstökum virðisaukaskattsskýrslum sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á skýrslum þessum. Ríkisskattstjóri getur á grundvelli skriflegrar umsóknar skattaðila heimilað honum að skila skýrslu á rafrænu formi. Ríkisskattstjóri getur bundið slíka heimild við notkun veflykils (sérstaks stafræns auðkennis) er hann lætur skattaðila í té. Ríkisskattstjóri getur afturkallað heimild haldi skattaðili ekki almenna skilmála er ríkisskattstjóri setur um rafræn skil, ef ítrekuð vanhöld verða á skilum, eða ef breytingar verða á forsendum rafrænna skila. Skýrslur til nota fyrir þá sem eru í tveggja mánaða-, sex mánaða- eða ársskilum skulu vera í formi giróseðils, eða á rafrænu formi með möguleika á rafrænni sendingu greiðsluupplýsinga til banka eða sparisjóðs.

Sé um að ræða uppgjör skv. 4. mgr. 3. gr., uppgjör skv. lokamálslið 2. gr. eða leiðréttingu á áður ákvörðuðum virðisaukaskatti skal gerð grein fyrir því á sérstökum leiðréttingarskýrslum í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Slíkar skýrslur geta verið á rafrænu formi, sbr. 1. mgr.

Virðisaukaskattsskýrslu ber einnig að skila innheimtumanni eða skattstjóra fyrir hvert uppgjörstímabil þótt ekki hafi verið um virðisaukaskattsskylda starfsemi að ræða.

7.gr.

Aðrar upplýsingar virðisaukaskattskylds aðila.

Til viðbótar því sem skýrslueyðublöð skv. 6. gr. gefa tilefni til skal skattaðili skýra frá öðrum atriðum sem kunna að skipta máli um virðisaukaskattskil hans. Einnig er virðisaukaskattskyldum aðila skylt að láta skattfyrirvöldum í té, í því formi sem óskað er nánari sundurliðun á þeim fjárhæðum sem hann færir á virðisaukaskattsskýrslu, svo og styðja þær gögnum sé þess óskað.

8.gr.

Gjalddagar.

Virðisaukaskatti ásamt virðisaukaskattskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga. Þegar um er að ræða almenn uppgjörstímabil, sbr. 1. gr., er gjalddagi fimmti dagur annars almanaksmánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna viðskipta á því tímabili. Þó er gjalddagi aðila á landbúnaðarskrá og aðila í nytjaskógrækt skv. 2. málsl. 2. gr. 1. september ár hvert vegna viðskipta á fyrri hluta árs og 1. mars ár hvert vegna viðskipta á síðari hluta næstliðins árs.

Gjalddagi vegna skemmri uppgjörstímabila, sbr. 1. mgr. 4. gr., eða tímabundinna uppgjörstímabila, sbr. 5. gr., er einum mánuði og fimm dögum eftir lok tímabilsins vegna viðskipta á því tímabili. Gjalddagi vegna ársuppgjörs, sbr. 3. gr., er 5. febrúar ár hvert vegna viðskipta á næstliðnu ári.

Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færist gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

9.gr.

Fullnægjandi skil á virðisaukaskatti.

Það teljast fullnægjandi skil á virðisaukaskatti ef:

1. Greitt er í banka eða sparisjóði í síðasta lagi á gjalddaga.
Greiðsla á grundvelli rafrænna greiðslufyrirmæla telst því aðeins innt af hendi á gjalddaga, að greiðslufyrirmælin berist banka eða sparisjóði innan þeirra tímamarka sem viðkomandi banki eða sparisjóður setur fyrir því að greiðsla teljist hafa farið fram á þeim degi.
2. Greitt er hjá innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga. Innheimtumenn virðisaukatts eru tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur.
3. Póstlögð greiðsla hefur borist innheimtumanni í síðasta lagi á gjalddaga.

Skil eru ekki fullnægjandi nema allar tilskildar upplýsingar komi fram á skýrslu og hún sé undirrituð af skattaðila eða ábyrgum starfsmanni hans. Notkun veflykils við rafræn skil skýrslu, sbr. 1. og 2. mgr. 6. gr., jafngildir undirritun skýrslu.

10.gr.

Endurgreiðsla á virðisaukaskatti.

Sé innskattur hætti en útskattur á einhverju uppgjörstímabili skal senda skýrslu vegna þess tímabils til skattstjóra í því umdæmi þar sem skattaðili á lögheimili. Skattstjór skal rannsaka slíka skýrslu sérstaklega. Fallist hann á skýrsluna tilkynnir hann innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests skv. 8. gr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kvað upp úrskurð um innsenda skýrslu. Hafi skattaðili fengið heimild skattstjóra til að nota skemmra uppgjörstímabil, sbr. 4. gr., skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skýrsla barst skattstjóra.

Geti skattstjóri vegna aðstæðna skattaðila ekki gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á framlengist frestur sá sem um ræðir í 2. mgr. um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu til skattaðila sem nota almanaksárið sem uppgjörstímabil, sbr. 3. gr. ef meðfylgjandi virðisaukaskattsskýrslu er afrit af ársreikningi eða hreyfingarlistar inn- og útskatts eða ljósrít af bókhaldshefti skv. 28. gr. reglugerðar nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Skattstjóri má aðeins samþykkja endurgreiðslu samkvæmt þessari grein að skattákvörðun liggi fyrir vegna fyrri uppgjörstímabila. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatt til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu. Skuldajafna má ógreiddum virðisaukaskatti vegna fyrri tímabila ásamt álagi og dráttarvöxtum þótt hann sé ekki enn fallinn í gjalddaga.

11. gr.

Aukauppgjör bænda.

Skattstjóra er heimilt að fallast á beiðni þeirra sem stunda landbúnað, sbr. 1. málsl. 2. gr., um aukauppgjör á virðisaukaskatti ef í ljós kemur að þeir eiga kröfu á verulegri endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna kaupa á fjárfestingar- og rekstrarvörum.

Skilyrði aukauppgjörs er að útskattur á því tímabili sem beiðni um aukauppgjör tekur til nemi minna en tveimur þriðju hlutum innskatts á tímabilinu.

Hvert aukauppgjör tekur til tveggja eða fjögurra almanaksmánaða talið frá upphafi yfirstandandi sex mánaða uppgjörstímabils eða lokum fyrra aukauppgjörstímabils. Gera skal upp útskatt og innskatt vegna viðskipta á aukauppgjörstímabilinu eins og um reglulegt uppgjör væri að ræða.

12. gr.

Bráðabirgðauppgjör sláturleyfishafa.

Sláturleyfishafar samkvæmt lögum nr. 30/1966 geta fengið heimild skattstjóra til að skila á ári hverju tveimur sérstökum bráðabirgðaskýrslum vegna innskatts af innlögðum sauðfjárafurðum. Uppgjörstímabil skýrslna þessara skal vera frá 1. september til og með 15. október og frá 1. nóvember til og með 15. desember.

Skattstjóri skal afgreiða bráðabirgðaskýrslu án ástæðulauss dráttar.

Við reglulegt uppgjör skal sláturleyfishafi færa á skýrslu annan innskatt en bráðabirgðaskýrsla tekur til.

13. gr.

Umsjá með framtali, skilum og uppgjöri annarra.

Ríkisskattstjóri getur heimilað aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts af skattskyldri sölu á vöru eða þjónustu annars aðila enda hafi aðilar samið um slíka tilhögun skriflega. Heimild ríkisskattstjóra getur verið tímabundin og háð öðrum skilyrðum sem hann setur.

14. gr.

Um innheimtu á vangoldnum virðisaukaskatti.

Til að tryggja sem best virðisaukaskattskröfu ríkissjóðs skal innheimtumaður hefja innheimtuaðgerðir, þ.m.t. lokunaraðgerðir skv. 3. mgr. 28. gr. laga nr. 50/1988, í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvæðað gjaldanda virðisaukaskatt vegna fyrri tímabils.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá yfirsattanefnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum, enda bjóði skuldari fram sjálfskuldarábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi, til tryggingar virðisaukaskattskuld, álagi, dráttarvöxtum og öllum innheimtukostnaði.

Staðfesti yfirsattanefnd úrskurð skattstjóra eða ríkisskattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fyllu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreining undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

15. gr.

Álag.

Sé virðisaukaskattur ekki greiddur á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt virðisaukaskattskýrslu eða til viðbótar þeim skatti sem honum bar að standa skil á. Sama gildir ef virðisaukaskattskýrslu hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant og virðisaukaskattur því áætlaður eða endurgreiðsla skv. 26. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, verið of há.

Álagi skal ekki beitt á skil vegna eldri uppgjörstímabils sem gerð eru réttilega skv. 4. mgr. 3. gr.

16.gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn ákvæðum 5. og 6. gr. varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

17.gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 24. gr., 1. og 2. mgr. 33. gr. og 1. og 3. mgr. 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 529/1989, um framtal og skil á virðisaukaskatti, með síðari breytingum.

Bráðabirgðaákvæði.

Aðilar sem hafa skattskylda veltu undir 800.000 kr. á almanaksárunum 1994 og 1995 skulu þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. gr. nota ársuppgjörstímabil skv. 1. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1996.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.